

lags, svo sem ársreikninga næstliðsins árs, fjárhagsáætlun liðandi árs, greinargerð um nýtingu tekjustofna og nauðsyn aukaframlags.

Heimilt er að greiða aukaframlag skv. 2. mgr. þessarar greinar, þótt ekki sé fullnægt öllum skilyrðum skv. staflaðum a—c hér að framan.

Um greiðslu aukaframlags gildir ákvæði 2. mgr. 14. gr.

Félagsmálaráðuneytið ákveður aukaframlög að fenginni umsögn stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ráðuneytið getur krafist sveitarfélag, sem sótt hefur um aukaframlag, um frekari gögn og upplýsingar en greinir í c-lið.

Við ákvörðun aukaframlaga til einstakra sveitarfélaga skal hafa hliðsjón af því, hverjar tekjur eru af einstökum tekjustofnum í hlutaðeigandi landshluta og landinu í heild á íbúa á því ári, sem framlag er veitt.

Til að mæta útgjöldum samkvæmt þessari grein má verja 6% af tekjum sjóðsins, svo og vaxtatekjum sjóðsins og því fé, sem ekki kemur til úthlutunar samkvæmt 2. mgr. 13. gr.

2. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Nú hefur fólksfækkun orðið í sveitarfélagi næstliðið ár og skal þá sveitarfélagið fá sérstakt aukaframlag úr Jöfnunarsjóði, sbr. e-lið 8. gr., enda sendi sveitarstjórn sjóðnum kröfu um það fyrir árslok ár hvert. Framlagið skal vera allt að meðalútsvari á íbúa í landinu næstliðið ár margfaldað með íbúafækkunartölunni.

Félagsmálaráðuneytið úrskurðar fólksfækkunarframlög samkvæmt 1. mgr. og greiðir þau hlutaðeigandi sveitarfélögum fyrir 15. nóvember.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 26. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breyting á lögum um fasteignasölu, nr. 47 11. júní 1938.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ný grein, sem verður 14. gr. laganna, orðist svo:

Skýlt er að geta þess í öllum skjölum varðandi fasteignakaup, svo sem kaup-tilboðum, kaupsamningum, skuldabréfum og afsölum, hver hafi samið skjöl þessi, og skal geta nafns og nafnnumers. Enn fremur skulu þeir, sem fasteignaviðskipti annast, geta nafns síns í auglýsingum, eins þótt viðskiptin séu rekin í nafni skrásetts firma.

2. gr.

Ný grein, sem verður 15. gr. laganna, orðist svo:

Ákvæði laga þessara ná einnig til kaupa og sölu skráningarskyldra skipa, sbr. 1. gr. laga um skráningu skipa, nr. 53 1970.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 25. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G**um almenningsbókasöfn.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Allar byggðir landsins skulu njóta þjónustu almenningsbókasafna, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Almenningsbókasöfn eru mennta-, upplýsinga- og tómstundastofnanir fyrir almenning. Þau skulu gefa fólki sem bestan kost á að lesa og færa sér í nyt bækur og veita afnot af nýsigögnum, svo sem hljómplötum, segulböndum og öðrum miðlunargögnum til fræðslu og dægradvalar.

2. gr.

Almenningsbókasöfn eru:

Bæjarbókasöfn (borgarbókasafn í Reykjavík), bæjar- og héraðsbókasöfn, héraðsbókasöfn, hreppsبókasöfn, bókasöfn í sjúkrahúsum, hælum, vistheimilum og fangahúsum.

3. gr.

Landið skiptist í bókasafnumdæmi.

Bæjarbókasöfn starfa í kaupstöðum og skulu hafa útibú í bæjarhverfum eftir ástæðum.

Bæjar- og héraðsbókasöfn starfa í kaupstöðum en rækja jafnframt bókasafnsþjónustu í byggðunum í kring. Héraðsbókasöfn eru aðalsöfn hvert í sínu umdæmi og skulu vera sem næst miðsvæðis.

Bókasafnumdæmi skulu ákveðin í reglugerð, svo og aðsetur héraðsbókasafna.

4. gr.

Hreppsبókasöfn starfa í hreppum þar sem héraðsbókasöfn eru ekki. Í hverjum hreppi skal vera bókasafnsþjónusta en heimilt er að fela héraðsbókasafni að annast þessa þjónustu gegn lögboðnu fjárframlagi. Einnig geta tveir eða fleiri hreppar sam-einast um rekstur bókasafns ef um það næst samkomulag.